

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

#### 1. gr.

10. gr. breytist þannig:

Aftan við 13. lið 10. gr. (10.13) kemur nýr liður, 14. liður (10.14) sem orðist svo:

Reglugerð nr. 706/2007/EB, sem er 45jr töluliður í II. viðauka EES-samningsins, gildir og er hluti af reglugerð þessari með þeiri aðlögun sem leiðir af II. viðauka.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um stjórnsýsluákvæði varðandi heildargerðarviðurkenningu ökutækja og samræmda prófun til að mæla leka frá tilteknum loftræstikerfum. Reglugerð nr. 706/2007/EB er sett með hliðsjón af tilskipun nr. 2006/40/EB um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum.

#### 2. gr.

12. gr. breytist þannig:

A. Fyrri mgr. í 2. undirlið í 12. lið 12. gr. (12.12 (2)) orðast svo:

Hópbifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði hennar geti ekki orðið meiri en 100 km/klst.

Síðari mgr. í 2. undirlið í 12. lið 12. gr. (12.12 (2)) fellur niður.

B. Fyrri mgr. í 2. undirlið í 14. lið 12. gr. (12.14 (2)) orðast svo:

Vörubifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði hennar geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.

Síðari mgr. í 2. undirlið í 14. lið 12. gr. (12.14 (2)) fellur niður.

#### 3. gr.

18. gr. breytist þannig:

A. Aftan við fyrri 15. undirlið 10. liðar 18. gr. (18.10. (15)), sem hefst á orðunum „Bifreið skal uppfylla eftirfarandi kröfur um útblástursmengun“, kemur ný málsgrein sem orðist svo:

Reglugerð nr. 715/2007/EB, sem er töluliður 45zt við II. viðauka EES-samningsins, gildir um heildargerðarviðurkenningu með tilliti til mengandi efna í útblæstri létttra fólksbifreiða, hópbifreiða og sendibifreiða (Euro 5 og Euro 6), sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðin gildir einnig um aðgang að upplýsingum hjá framleiðanda ökutækis varðandi viðhald þess og viðgerðir.

B. 15. undirliður 10. liðar 18. gr., sem hefst á orðunum „Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki ákvæði“, verður nr. 16, undirliður nr. 16 verður nr. 17 og undirliður nr. 17 verður nr. 18.

#### 4. gr.

IV. viðauki breytist þannig:

A. Í tölul. 1 við tilskipun nr. 70/156/EB á eftir tilskipun nr. 2007/37/EB, undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“ í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

706/2007/EB	L 161, 21.06.2007	***3/2008; 37, 09.07.2009
-------------	-------------------	---------------------------

B. Í tölul. 1 við tilskipun nr. 70/156/EB á eftir reglugerð nr. 706/2007/EB, undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“ í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

715/2007/EB	L 171, 29.06.2007	***4/2008; 37, 09.07.2009
-------------	-------------------	---------------------------

Nr. 635

2. júlí 2009

- C. Á eftir tölul. 45zq kemur nýr liður, 45zr, og undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“, í reitina „tilskipun“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja og um samræmda þrófun til að mæla leka frá tilteknun loftræstikerfum. Reglugerðin er feldt inn í samninginn, þar sem mælt er fyrir um stjórnsýsluákvæðin skv. tilskipun 2006/40/EB. 706/2007/EB	L 161, 20.06.2007	***3/2008; 37, 09.07.2009
--	-------------------	---------------------------

- D. Á eftir tölul. 45zs kemur nýr liður, 45zt, og undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“, í reitina „tilskipun“, Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

Gerðarviðurkenning með tilliti til mengandi efna í útblæstri. 715/2007/EB	L 171, 29.06.2007	***4/2008; 37, 09.07.2009
---	-------------------	---------------------------

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 2. júlí 2009.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2009